

## AUGLÝSING

### um umferð í Eskifjarðarkauptúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Eskifjarðarkauptúni samkvæmt heimild í 65. gr. umferðalaga nr. 24 frá 2. maí 1958:

Aðalbraut er Strandgata frá Bleiksárbrú að Mjóeyrarvík, og er biðskylda á öllum götum, vegum og sundum, sem að henni liggja.

Bifreiðastöður eru bannaðar á þessum stöðum:

Á Strandgötu:

- a) Beggja megin á bilinu frá Gamla-Baukslæk að Lambeyrarárbrú.
- b) Á neðri brún vegar við aðalverzlunarhús Kaupfélagsins Bjarkar.

Á Norðfjarðarvegi, frá Lambeyrarárbrú að vegamótum við Hringbraut, **beggja megin**.

Á Hringbraut, frá vegamótum Norðfjarðarvegar og austur fyrir húsið Samtún, á neðri brún vegar.

Allur bifreiðaakstur er bannaður um Kirkjutungustíg frá Brynjólfshúshorni að vegamótum Hringbrautar (við Finnshús).

Um Sundið milli húsanna Hermes I og Skálholts.

Viðeigandi umferðamerki verða sett upp.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 25. maí 1964.*

**Axel V. Tuliníus.**

## REGLUGERÐ

### um greiðslu ríkisframlaga til skólabygginga.

#### 1. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur árlega semja framkvæmdaáætlun um skólabyggingar, sem undir það heyra. Skal áætlunin vera í tvennu lagi, a- og b-flokkur. Í a-flokki séu þær byggingar, sem þegar hafa verið gerðar af fullnaðarteikningar, verklysingar og nákvæmar kostnaðaráætlanir, en í b-flokki byggingar, sem skemmra eru komnar í undirbúningi. Fjárlagatillögur menntamálaráðuneytisins um framlög til skólabygginga skulu gerðar á grundvelli þessarar framkvæmdaáætlunar, og skal hún fylgja þeim tillögum til Alþingis.

#### 2. gr.

Alþingi ákveður í fjárlögum til hvaða skólafrankvæmda stofnkostnaðarframlög skulu veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fyrsta fjárveiting hefur farið fram og annar lögmæltur undirbúningur. Skulu fjárveitingar til greiðslu áætlaðs ríkisframlags þeirra skólabygginga, sem Alþingi veitir fé til 1965 og síðar, miðaðar við, að greiðslum sé lokið að fullu a. m. k. innan fimm ára.